

## Reglugerð um Öldungamót BLÍ

Tillaga að breytingu á Gr. 1.2. Greinin lítur svona út:

Gr. 1.2.

Þátttaka í Öldungamóti BLÍ er heimil öllum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Vera skráður iðkandi í blaki hjá félagi innan ÍSÍ
- b) Vera á keppnisárinu 30 ára eða eldri í öldungadeildum og 50 ára eða eldri í öðlingadeildum.
- c) Hver leikmaður leiki aðeins í einni deild og með einu liði. Öldungur getur gefið félagi leyfi til að færa liðsmann á milli deilda ef meiðsli koma upp í liði. Það gildir þó aðeins innan sama félags og aldrei úr efri deildum í neðri deildir.
- d) Félagaskipti þarf ekki að tilkynna.

*Tillagan er að bæta við e) lið í greinina:*

*e) Að hámarki 3 leikmenn, sem spilað hafa í efstu deild á keppnistímabilinu, geta verið á leikmannalista hvers liðs.*

Rökstuðningur: Undanfarin öldungamót hafa örfá lið verið skipuð mörgum, og í sumum tilfellum að öllu leyti, leikmönnum sem spilað hafa í efstu deild á tímabilinu. Það hefur verið óánægja með þetta hjá aðilum og stundum hafa leikir verið því miður skemmtilegir til áhorfs. Ég held að blaksamfélagið vilji ekki setja boð og bönn heldur vilji að allir blakarar geti tekið þátt á mótinu. Hins vegar er spurning hvort eðlilegt sé að setja einhverjar skorður, þannig að þessir leikmenn dreifist eftirvill í fleiri lið og þannig verði gæði fleiri leikja mun meiri.

Virðingarfyllst, Óskar Þórðarson